

Viðmiðunarreglur Skaftárhrepps við afgreiðslu umsókna um flýtingu/seinkun grunnskólagöngu barns skv. 15. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í 15. gr. lag um grunnskóla nr. 91/2008 um skólaskyldu segir:

„Skólaskylda barns hefst að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar/forsjáraðilar barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn sérfræðipjónustu“. Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011, kafla 16 segir: „Meginreglan er sú að börn byrja í grunnskóla á því almanaksári sem þau ná sex ára aldri.“ Samkvæmt bæði leik- og grunnskólalögum má þó flýta eða seinka skólabyrjun. Skólastjóri grunnskóla getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilað að barn hefji skólagöngu fimm ára eða sjö ára“.

I. Seinkun á upphafi grunnskólagöngu barns.

1. Foreldrar/forsjáraðilar sækja skriflega um seinkun á upphafi grunnskólagöngu til skólastjóra Kirkjubæjarskóla. Sótt er um seinkun á því almanaksári sem barnið verður sex ára, eigi síðar en 15. apríl á því ári sem grunnskólaganga á að hefjast.

2. Skólastjóri óskar skriflega eftir umsögn leikskóla og/eða sérfræðipjónustu hafi barnið sótt leikskóla, innan viku frá því að umsókn um seinkun berst.

3. Umsögn leikskóla og/eða sérfræðipjónustu skal berast skólastjóra eigi síðar en mánuði frá því að beiðni barst frá skólastjóra.

4. Skólastjóri grunnskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um seinkun að fenginni umsögn leikskóla og eftir atvikum sérfræðipjónustu.

Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til skrifstofu skóla- og frístundasviðs og til leikskóla barnsins.

Hyggist skólastjóri synja umsókn um seinkun, að fenginni umsögn leikskóla og eftir atvikum sérfræðipjónustu, skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt ítarlegum rökstuðningi. Gefa skal foreldrum/forsjáraðilum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeina þeim um kæruheimild til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis skv. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til skólapijónustu Rangárvalla og V- Skaftafellssýslu og leikskóla barnsins.

II. Flýting á grunnskólagöngu barns.

1. Foreldrar/forsjáraðilar sækja skriflega um flýtingu á upphafi grunnskólagöngu barns til skólastjóra Kirkjubæjarskóla. Sótt er um flýtingu á því almanaksári sem barnið verður 5 ára, eigi síðar en 15. apríl á via ári sem grunnskólaganga á að hefjast.
2. Skólastjóri óskar skriflega eftir umsögn leikskóla og/eða sérfræðipjónustu hafi barnið sótt leikskóla, innan viku frá því að umsókn um flýtingu berst.
3. Umsögn leikskóla og/eða sérfræðipjónustu skal berast skólastjóra grunnskóla eigi síðar en mánuði frá því að beiðni barst frá skólastjóra.
4. Skólastjóri Kirkjubæjarskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um flýtingu að fenginni umsögn leikskóla og/eða sérfræðipjónustu.

Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til Skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu og til leikskóla barnsins.

Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu, að fenginni umsögn sérfræðipjónustu og/eða leikskóla, skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt ítarlegum rökstuðningi. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeina þeim um kæruheimild til samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytis skv. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til Skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu og leikskóla barnsins.

III. Í umsögn leikskóla um seinkun eða flýtingu þarf að koma fram:

- Almenn umsögn um þroskastöðu barnsins.
- Greinargerð um leikskólanám barnsins (ef unnið hefur verið eftir einstaklingsnámskrá hver hafa markmið verið og framfarir)
- Upplýsingar um félagslega stöðu barnsins innan barnahópsins
- Ef um seinkun er að ræða: Hvaða þroskaframfarir telur leikskólinn að náist frekar í leikskóla en grunnskóla?
- Styður leikskóli umsókn foreldra/forsjáraðila?

IV. Í umsögn sérfræðipjónustunnar um seinkun eða flýtingu þarf að koma fram:

- Upplýsingar um ráðgjöf sem sérfræðipjónustan hefur veitt vegna barnsins
- Upplýsingar um aðkomu sérfræðipjónustunnar að greiningum vegna barnsins
- Almenn umsögn um þroskastöðu barns
- Ef um seinkun er að ræða: Hvaða þroskaframfarir telur sérfræðipjónustan að náist frekar í leikskóla en grunnskóla?
- Styður sérfræðipjónustan umsókn foreldra/forsjáraðila?

V. Flýting á lokum náms við Kirkjubæjarskóla

Samkvæmt grunnskólalögum nr 90/2008 er skólastjóra heimilt að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið, enda hafi nemandi ná hæfniðviðmiðum aðalnámskrár. Óski foreldrar/forráðamenn eftir flýtingu er það í höndum skólastjóra að fenginni umsögn umsjónarkennara og/eða sérgreinakennara að meta hvenær og hvernig flýting af þessu tagi fer fram. Foreldrar/forráðamenn sækja um flýtingu á lokum grunnskólagöngu grunnskólanáms til skólastjóra Kirkjubæjarskóla. Æskilegt er að slík ósk berist í lok 8. bekkjar.

Í umsögn umsjónarkennara og /eða sérgreinakennara skal koma fram:

- Almenn umsögn um náms- og þroskastöðu nemanda m.v. jafnaldra
- Upplýsingar um félagslega stöðu nemandans innan nemendahópsins og samskipti við börn og fullorðna.

Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu, að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu og/eða leikskóla, skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt ítarlegum rökstuðningi. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeina þeim um kærueheimild til samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytis skv. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Afrit af bréfi til foreldra/forsjáraðila er sent til Skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu.

Samþykkt í fræðslunefnd Skaftárhrepps 31.01. 2022